

LISTIR

Postmóðern allegoríur

MYNDLIST

Listasafn Kópavogs

MÁLVERK TRYGGVI ÓLAFSSON

Til 26. nóvember. Opíð þriðjudaga til sunnudaga frá kl. 11 - 17.
Fimmtudaga frá kl. 11 - 19.

MEÐAL þeirra sýninga sem Búnaðarbankinn efnir til á sjötíu ára afmæli sínu og menningarborgarárinu tvö þúsund er yfirlitssýning á verkum Tryggva Ólafssonar, í tilefni af sextugsafmæli málarans. Sýningin tekur yfir báða stóru salina í Listasafni Kópavogs og spannar þróun liðlega þriggja áratuga. Tryggvi hefur verið búsettur í Danmörku allan sinn starfsaldur en aldrei - frekar en Jón heitinn Helgason - talið sig annað en íslenskan, enda sýnt hér reglulega og oftar eftir því sem árin hafa liðið.


Frá því stíll Tryggva mótaðist, seint á sjöunda áratugnum, hefur hann fylgt þeirri meginreglu að afmarka myndmál sitt við tvíviðar áherslu með því að afmarka skilmerkilega formteikningu sína - gjarnan með jöfnum útlínum - og gefa hverju formi sinn ákveðna, eintóna lit. Sprottið upp úr jarðvegi popplistarinnar er þetta myndmál - eftir því sem franski heimspekingurinn Jacques Derrida les út úr stílbrigðum ítalska málarans Valerio Adami - dæmigert fyrir þá sem mótaðir eru af ljósmyndum og kvikmyndum.

Þetta er ekki svo galin ályktun hjá Derrida

því það sem numið er með hjálp nútíma myndmiðla hefur tilhneigingu til að hverfa að hluta eða blandast öðru að nokkru leyti. Við búum ekki lengur í kyrrstæðum heimi þar sem hlutirnir eru grannskoðaðir í ró og næði, einangraðir og frá öllum hliðum. Eins og Tryggvi setur fram sinn heim, með hlutveruleik sem hverfur úr einu í annað, erum við að horfa á atburðarás þar sem eitt mótar annað og hverfist utan um nágrenni sitt eins og hluti af því; eða sem viðhengi, svo notað sé nútímalegt, tölvutækt fagmál til að lýsa samflæðinu eða symbíósunni sem fram fer á striganum.

Og samt er þetta ekkert órafjarri þeim samfléttaða heimi sem átti sér stað umhverfis upphafsstaftinn í íslenskum handritum Árnasafns og annarra góðra bókasafna. Þéttingin sem fer fram í myndum Tryggva og byggist á samþjöppun figúratífra eininga í eina kós er ekki barasta sloppin út úr hvíta tjaldinu eða myrkrakompunni - camera obscura - heldur má finna hana í vinéttum bóka, korta og hvers konar askna frá fyrri tíð. Í þessum vinéttum var að finna allegorískt - táknmótað - svið framandi, eða ævintýralegra hugarheima sem tengjast ýmsum vettvangi, hlutlægum eða huglægum, svo sem heimsálfunum, listunum, vísindunum eða öðrum tilteknum safnheimi með tilheyrandi persónum, tækjum, hljóðfærum, byggingahlutum og náttúrufrýrbærum.

Allt þetta má finna í myndum Tryggva, sett saman af mikilli tilfinningu fyrir hrynjandi línu og líta. Ef trúin má orðum annars fransks heimspokings - Lyotard - er afturhvarf til fyrri alda í þeim tilgangi að afla þar fanga til gagn-



Morgunblaðið/Halldór B. Runólfsson

Ótta (efri myndin) frá 1986 og Haust frá 1998 eru dæmi um vegferð Tryggva síðustu 15 árin.

rýni á nútímann, eða til andsvara við honum, meðal algengustu birtingarmynda postmóðernismans. Bandaríski listfræðingurinn Craig Owens hefur jafnframt bent á endurkomu allegoríunnar sem erkiteikn postmóðernískrar myndgerðar.

Sú ákvörðun Tryggva að varðveita hlutbundið myndmál í annars abstrakt myndskipan - nokkuð sem hann á sammerkt með Léger og Stuart Davis - er heldur ekki svo órafjarri þeim pól sem þýski nýmálarinn Markus Lüpertz tók þegar hann bræddi saman mótternísk stílbrigði Picassos og nýexpressjónisma átt-

unda og níunda áratugarins. Vissulega eru aðferðir hans, áherslur og litameðferð af allt öðrum meiddi, en þó má víða sjá skylda afstöðu hans og Tryggva til samtíðarinnar og nánustu fortíðar.

Salirnir í Listasafni Kópavogs sýna þannig ákveðna andlega nálgun Tryggva við vissa erlenda samferðarmenn sína þótt málverk hans séu í einu orði sagt ólík öllu sem landar hans hafa verið að mála hér heima.

Halldór Björn Runólfsson

Ísland öðru vísi

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsi


BLÖNDUÐ TÆKNI
DOUWE JAN BAKKER;
JOHN BAINE; BIRGIS
ANDRÉSSON; W.G.
COLLINGWOOD;
EDWARD DAYES; RONI
HORN; HÖRÐUR
ÁGÚSTSSON; NICHOLAS
POCKOCK & ROMAN
SIGNER

Til 7. janúar. Opíð daglega frá kl. 11 - 18. Fimmtudaga frá kl. 11 - 19.

HÉR á landi hafa tíðkast merkilegar venjur í listheiminum sem ef til vill eiga meira skylt við diplomati en list. Þetta er listin að sjá landið og fólkið með framandi gleraugum, eða gegnum gleraugu listamanna sem tekið hafa sérstöku ástfóstri við land og þjóð. Nú mætti ætla að átt væri við gleraugu í bókstaflegri merkingu vegna þess að Roni Horn og Roman Signer nota bæði slíka gripi, en því fer fjarri. Vandí svona sýningar er að hún opinberar svo vel okkar verstu eiginleika; útlendingadulðina og eigin vandræðalegu vanmetakennd. Nú

er ekkert að því - nema síður sé - að bregða ljósi á list þeirra Íslandsvina - er það ekki kallað svo ef einhver frægur og virtur heiðrar okkur með nærveru sinni? - sem tekið hafa ástfóstri við landið, en það þarf að vera með öðrum hætti en einni svona loðinni samsýningu. Vandinn er sá að í stað þess að vekja umræðu um þessa erlendu listamenn og þau gildi sem þeir telja markverð í umhverfi okkar reynum við með þögninni að nýta list þeirra sem teikn um óskorað ágæti okkar og landsins. Það verður af þessu einhver óskýranlegur áróðursfnykur, svona eins og þegar austur-evrópskir ráðamenn reyndu að sanna ágæti sitt - og vísa á bug allri réttmætri gagnrýni þegna sinna - með því að vitna í jákvæðar ræður heimsþekktra gesta sem sóttu alþýðulýðveldin svokölluðu heim og báru þeim vel söguna.

Þessi gagnrýni hefur ekkert með listina á sýningunni að gera. Það er engin ástæða til að láta öll þau ágætu verk sem prýða sýninguna Ísland öðrum augum litið fara fram hjá sér. Ljósmyndir Birgis Andréssonar hanga andspænis teikningum Harðar Ágústssonar, þessum ágætu listamönnum til mikils sóma. Röð Birgis af húsum á Íslandi sem bera heiti erlendra borga og landa er frábært



Morgunblaðið/Halldór B. Runólfsson

Hóll, hæð, holt - úr myndröð Dowe Jan Bakker, þar sem hann sýnir fjölmörg dæmi af íslensku landslagi og skilgreiningum okkar á því.

innlegg í umræðu um rómantískar og framandi nafngiftir á íslenskum húsum. Teikningar Harðar af fornum kirkjum og bæjahúsum eru einstakar og gefa góða mynd af framlagi þessa mikilhæfa eldhuga til byggingasögu okkar. Vissulega eiga þessir tveir ágætu listamenn heima á sýningu með bílætagerðarmönnum fyrri alda, þeirra sem fylgdu landkönnuðum á borð við Joseph Banks

og W.G. Collingwood hingað og brugðu upp ómetanlegum myndum af íslenskum staðhättum, húsum og mannlífi.

En myndir Birgis, Harðar og Bretanna fjögurra eiga sama og enga samleið með verkum Douwe Jan Bakker, Roni Horn og Roman Signer. Þau þrjú eru að fást við náttúru landsins en ekki menningu. Það er því ekki hægt að sjá annað en

reynt sé að þræla saman tveim ólíkum hugmyndum í einni og sömu sýningunni. Það er bagalegt því það gengur ekki upp hugmyndlega. Hins vegar er eins og áður sagði hægt að njóta listarinnar án nokkurra vandræða. Hún stendur í hvítetna fyrir sínu sem betur fer, þrátt fyrir bágborna tengingu menningar og náttúru.

Halldór Björn Runólfsson



Fjölbreyttur matseðill alla daga!

STEIKARHLAÐBORD

fyrir alla fjölskylduna á sunnudögum frá kl. 18:00

kr. 2.290.-

pr.mann, fritt fyrir börn yngri en 6 ára og 50% afsl. fyrir börn 6-12 ára

Brasserie
ASKUR

SINCE 1966
SUDURLANDSBRAUT 4
Sími: 553 9700